

Mánudaginn 8. aprílmán.

Nr. 41/1888

B. H. Bjarnason

gegn

O. J. Haldorsen.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 2. ágústmán. f. á., var áfrýjandi þessa máls, kaupmaður B. H. Bjarnason, dæmdur til að greiða hinum stefnda, trjesmið O. J. Haldorsen, 10 kr. 46 a. með 5% vöxtum frá sáttakæruðegi til borgunardags. En að því snerti 4 kr. af dómkröfu hans var málinu vísað frá dómi, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur B. H. Bjarnason skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 15. sept. f. á., og þar krafizt, að hann verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnda í þessu máli og að stefndi verði skyldaður til að greiða áfrýjanda málskostnað með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Mál þetta er risið út af reikningsskuld er hinn stefndi telur til hjá áfrýjanda, og felast í upphæð þeirri, sem hjeradsdómariinn hefur tildæmt hinum stefnda, og hjer fyrir rjettinum er umtalsefni, 2 póstar. Fyrri pósturinn er 6 kr. 46 a., sem stefndi kveðst eiga hjá áfrýjanda fyrir viðgjörð á ofni og eldavjel í húsi því er áfrýjandi bjó til leigu í árið 1885 og móðir hans átti. Það er sannað í málinu, að áfrýjandi hefur á sínum tíma bedið stefnda að vinna þetta verk, og getur því sú viðbára hans, að húseigandinn hafi samkvæmt leigu-

samningnum átt að greiða þetta, ekki orðið til greina tekin, og með því áfrýjandi ekki hefur mótmælt upphæðinni, er honum skylt að greiða hinum stefnda hana.

Hinn pósturinn í reikningi stefnda, sem hjer kemur til álita, er leiga eptir ofn veturinn 1886—87, 5 kr. Það er sannað að áfrýjandi hefur fengið ofn til afnota, en áfrýjandi hefur sumpart haldið því fram, að hann hafi fengið hann að láni, og þurfi því ekkert að greiða fyrir notkun hans, sumpart hefur hann látið í veðri vaka, að hann hafi fengið hann þannig, að hann skyldi láta gjöra við ofninn fyrir brúkunina á honum. Það er komin fram í málinu nægileg sönnun fyrir, að þurft hafi eitthvað lítilsháttar að gjöra að ofninum, og kostaði það 1 kr., en áfrýjandi telur sig þar að auki hafa kostað til 1 kr. 75 a. til að koma honum fyrir, og virðist hann vilja láta þessar 2 kr. 75 a. koma fyrir notkunina. En eptir því sem fram er komið í málinu virðist ekkert sýnna, en að hinn stefndi hafi leigt honum ofninn, og að honum því beri að greiða þá leigu, sem hinn stefndi hefur heimtað, og hefur áfrýjandi ekki sjerstaklega mótmælt upphæð hennar; þó virðist rjett að draga ofan umgetna 1 kr., er greidd var fyrir að gjöra ofninn leigufæran, frá, og ber áfrýjanda því að greiða stefnda þennan póst með 4 kr.; en uppsetningarkostnaðinn verður áfrýjandi sjálfur að borga.

Það ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og virðist áfrýjandi eptir atvikum eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er skal ákveðinn 10 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi

þessa máls, B. H. Bjarnason, á að greiða hinum stefnda O. J. Haldorsen málskostnað fyrir yfirdómi með 10 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. aprilmán.

Nr. 7/1889

Björn Guðmundsson

gegn

Gesti Pálssyni og

Birni Jónssyni.

D ó m u r :

Með sátt, er gjörðist fyrir sættanefnd Reykjavíkur 5. apríl 1887, skuldbatt stefndi Gestur Pálsson sig til að greiða stefnanda skuld nokkra, 156 kr. 30 a., þannig, að helmingur skuldarinnar, 78 kr. 15 a., skyldi greiddur innan útgöngu ársins 1888, en hinn helmingurinn síðar innan tilnefnds tíma. Þessi sátt var síðan þinglesin á varnarþingi stefnda, bæjarþingi Reykjavíkur, 21. apríl næst á eptir. Í janúarmánuði 1889 hafði stefndi enn eigi greitt fyrri helming skuldarinnar, og krafðist þá stefnandi fjárnáms samkvæmt nefndri sátt í lausafjármunum nokkrum, er stefndi átti, en lausafjármunir þessir höfðu verið veðsettir 4. jan. 1888 Birni ritstjóra Jónssyni, sem einnig hefur verið stefnt í máli þessu, og Kristjáni yfirdómara Jónssyni, og mætti Björn Jónsson er fjárnámið átti fram að fara og mótmælti því að það færi fram. Stefnandi hjelt þó fram kröfu sinni um fjárnám og studdi hana með því, að sættin, sem hann beiddist fjárnáms eptir, væri bæði samín og þinglesin